



ÁHRIFAMIKIL FORSKRIFT AÐ ÁRANGRI AÐSTU STJÓRNENDA


Á hverjum degi taka stjórnendur margvíslegar ákvarðanir og standa frammi fyrir áskorunum sem þeir hafa aldrei tekist á við fyrr. Það sem virkaði í gær gæti breyst fyrirvaralaust. Hraðinn er miskunnarlaus, áhættan er mikil, en ávinningurinn getur einnig verið umtalsverður fyrir þau sem geta leitt teymi sitt til árangurs. Hvernig eiga þá leiðtogar að vera skrefinu á undan og aðgreina sig og teymin sín þegar breytingarnar eru jafn örar og raun ber vitni?

4 LYKILHLUTVERK LEIÐTOGA

Það eru fjögur hlutverk sem sannir leiðtogar nýta sér sem hafa marktækt forspárgildi um árangur. Við köllum þau nauðsynleg hlutverk; þeir sem meðvitað tileinka sér viðhorf og aðferðir vinnustofunnar, rækta næstu kynslóð leiðtoga og uppskera langtíma árangur.

Lykilhlutverkin 4 eru:

1. **Að byggja traust:** Vertu trúverðugur leiðtogi sem aðrir kjósa að fylgja – á grunni karakters og færni.
2. **Að skapa sýn:** Skilgreindu með skýrum hætti hvert teymið er að fara og hvernig það kemst þangað.
3. **Að framkvæma stefnu:** Náðu stöðugum framförum með öðrum – af stefnufestu, takti og aga.
4. **Að leysa úr læðingi hæfileika:** Þróaðu forystuhlutverk annarra til aukins árangurs, með aðferðum markþjálfunar.



Áskorunin

- Stjórnendur sem hljóta framgöngu í stöðu milli- og efri stjórnenda eiga oft erfitt með að auka árangur í takt við nýja ábyrgð.
- Reyndir millistjórnendur hafa oft ekki viðhorfin og færni til að leiða teymi sín til langtíma árangurs næstu 3-5 ár.
- Sérfræðingar sem vaxa upp í stöðu stjórnenda án stuðnings árangursríkra viðhorfa og aðferða.

Lausnin

- Einföld og hagnýt nálgun sem leggur grunninn að árangri leiðtoga á öllum stigum. Byggir á áratuga reynslu úr atvinnulífi og akademíu.
- Áhrifarík vinnustofa sem kallar á virka þátttöku stjórnenda og byggir á raunverulegum viðfangsefnum tengdum daglegum rekstri og innleiðingu stefnu.
- Fjölbreytt lærdómsumhverfi (sjálfsmat, 360° mat, verkefni, eftirfylgni, fjarnám).

RANNSÓKNIN, ÞÖRFIN OG LAUSNIN

FranklinCovey varði rúmum tveimur árum í að rannsaka hvaða eiginleikar, viðhorf og færni stjórnenda þjónar árangri stofnana og fyrirtækja í dag og til framtíðar. Við komumst að þeirri niðurstöðu að vinnustaðir á þekkingaröld þurfa leiðtoga sem geta:

- Hugsað STÓRT og aðlagast fljótt.
- Breytt stefnu í þýðingarmikla vinnu, viðráðanleg markmið og sýnilegan árangur.
- Virkjað fólk til betri frammistöðu.

Um er að ræða *tveggja daga* vinnustofu (oft framkvæmd á fjórum ½ dögum), sem byggir á virkri þátttöku og tengingu við stefnu og sókn vinnustaðarins. Þjálfunin fer fram með undirbúningi, 360° mati, skemmtilegum verkefnum, jafningjaþjálfun (peer coaching) og fjarnámi. Einstök nálgun FranklinCovey ræktar öflugra stjórnendur sem skilja það hvað leiðtogi er, gerir og uppsker á grunni 4 lykilhlutverka leiðtoga.

VIÐFANGSEFNI	LÝSING
Byggja traust	Traust byggir á karakter og færni – sá grunnur trúverðugleika gerir leiðtogum kleift að byggja menningu trausts og árangurs.
Skapa sýn og móta markmið	Árangursríkir leiðtogar móta stefnu og sýn og miðla tilgangi verka með áhrifaríkum hætti. Þannig gengur samstarfsfólk til liðs við hópinn á sameiginlegri vegferð.
Framkvæma stefnu	Leiðtogar þurfa að hafa viðsýni, stefnufestu og aga til að hrinda í framkvæmd stefnu og markmiðum með sínum teyimum.
Styðja við og þjálfra möguleika	Farsælir forgöngumenn þróa forystuhæfileika annarra og bæta frammistöðu einstaklinga með stöðugri endurgjöf og markþjálfun.

INNIFALIÐ:

- 360° mat á frammistöðu
- Vönduð handbók þátttakenda með spilum
- Aðgerðaráætlun („implementation plan“)
- Fjarnámsslotur – undirbúningur og eftirfylgni

